

**Ed.**

## **142. Nefndarálit**

[42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst s. l.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er til staðfestingar bráðabirgðalögum frá 28. ágúst s. l. Það er fylgifiskur bráðabirgðaurræðis ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en slíkar smáskammtalækningar hafa einkennt störf og stefnu ríkisstjórnarinnar frá upphafi. Það er dæmigert um þessar smáskammtalækningar, að nú áður en þessi bráðabirgðalög vegna gengisfellingarinnar 26. ágúst s. l. hafa verið staðfest hefur orðið önnur gengisfelling síðan og því þarf að breyta frv. í samræmi við það. (Til glöggvunar er bréf frá Seðlabanka Íslands um tíðar gengisbreytingar og gengissig að undanfögnu birt sem fskj. II.) Sjávarútvegsráðherra hefur látið greinilega á sér skilja, að fyrir áramót sé þörf á enn einni gengisfellingunni svo að ekki er úr vegi að staðfesta þessi bráðabirgðalög áður en til þriðju gengisfellingarinnar kemur á örskömmum tíma og nauðsyn verður að breyta frumvarpinu enn.

Þetta frumvarp og breytingartillaga forsætisráðherra, sem lagt er til að breyta enn með breytingartillögu meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, felur í sér þrjú meginatriði:

1. Ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, framleiddra fyrir 1. september s. l. og sjálfðæmi ríkisstjórninni til handa á því, hvort gengismunur af einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.
2. Heimild til fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán að upphæð 42 milljónir króna til handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem ekki verður séð sakir skilmála að endurgreiðist af sjóðnum og lendi því á ríkissjóði sem ábyrgðaraðila. Hér er um að ræða hreint uppbótarkerfi, millifærslu á sköttum, sem síðar hlýtur að þurfa að leggja á almenning til þess „að halda uppi fölsku gengi“, eins og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands segir í bréfi sínu sem fylgir nefndarálitinu sem fylgiskjal I.
3. Fyrirmæli um eignaupptöku á endurgreiðslum Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeypra afurða- og rekstrarlána. Bróðurpartur þessarar endurgreiðslu, sem mun nema 34.2 milljónum króna í heild, á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem í raun eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru fyrirmæli í frumvarpinu um allt að 29 milljónir króna skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins án tillits til þess, að endurgreidd gengisuppfærsla útfluttra sjávarafurða ætti að skiptast með allt öðrum

hætti ef hún er reiknuð af hverri afurð fyrir sig. Með þessari breytingartilfögu er verið að ganga þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar lagasetningu um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hefur verið stefna stjórnar sjóðsins og stjórnvalda síðan, þ. e. a. s. að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og að algjört grundvallaratriði sé að verðmæti verði ekki færð milli deilda sjóðsins með mismunun eins og stefnt er að með þessari tillögu.

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli þegar þessar ráðstafanir eru athugaðar, að hvergi er tekið á vanda fiskiskipa sem verða fyrir stórfelldri byrði af gengisfellingunni vegna gengis-tryggðra lána og aðfangakostnaðar. Hagsmunir sjómanna eiga ekki heldur upp á pallborðið í þessu frumvarpi. Á árum áður, t. d. 1975, var gengismunur að hluta til ráðstafað til að lækka skuldir útgerðarinnar vegna þáverandi gengisfellingar og jafnframt komið til móts við sjómenn í þeirra hagsmunabaráttu. Þannig var leitast við að draga úr vanda í framtíðinni og minnka víxlverkun gengisbreytingarinnar. Nú er þessu snúið við, enda þurfti að grípa til nýrrar gengisbreytingar 10. nóv. s. l. eins og kunnugt er.

Að undanfögnu hefur ríkt góðæri í sjávarútvegi. Áætlað er að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar 1981 verði 5.4 milljarðar króna og hafi aukist um 2.6% að magni til frá því í fyrra. Útlit er fyrir að enn verði eitt metárið í þorskveiði. Það er athyglisvert að þorskur hefur veiðst sem hér segir undanfarin ár:

1978	320 þúsund tonn
1979	360 þúsund tonn
1980	428 þúsund tonn

1981 er áætlað að þorskveiðin verði a. m. k. 450 þús. tonn.

Þorskveiði í ár verður því a. m. k. 130 þúsund tonnum meiri en hún var 1978. Samt hefur þjóðarframleiðslan sáralítið aukist síðan og segir það sína sögu um stjórnarfarir í landinu.

Verðhækkanir á sjávarafurðum hafa orðið verulegar í ár á erlendum mörkuðum, t. d. eru saltfiskur og skreidd í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi er talið að sjávarvöruframleiðslan hafi aukist vegna verðhækkana erlendis um 3% frá því í fyrra. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði ætti einnig að öðru jöfnu að skila sjávarútveginum drjúgum tekjuauka svo og þjóðarbúinu í heild.

Því miður hefur gefið á bátinn engu að síður í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár, þrátt fyrir slíkt góðæri, aflabrogð og hagstæð ytri skilyrði. Að mati Þjóðhagsstofnunar voru rekstrarskilyrði fiskveiðiflotans eftir síðustu fiskverðshækkun þau, að 12.4% halli var talinn vera á stærri togurunum, 4.1% halli á minni togurunum og 0.9% á bátum sem ekki stunda loðnuveiðar, þ. e. a. s. 3.1% meðalhali af tekjum fiskveiðiflotans, auk loðnubáta sem augljóslega eru verr staddir en önnur útgerð. Þá er talið tap á að frysta fisk sem nemur 4% af tekjum. Óhætt er að fullyrða að þessar tölur Þjóðhagsstofnunar sýna ekki hver raunverulegur hallarekstur sjávarútvegsins er orðinn.

Ástandið er þannig í þessum undirstöðuáttvinnuvegi þjóðarinnar við framangreind hagstæð skilyrði, að ríkisstjórnin er nú með á þrjónunum öflun hallærislána til þess að koma í veg fyrir stöðvun tuga fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu í landinu vegna taprekstarar.

Það er dæmigert fyrir skammsýni og óraunsæi og ranga stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum, að undanfarin þrjú ár hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verið gerður gjaldþrota. S. l. þrjú ár hafa verið greiddar inn í sjóðinn 17.3 milljónir króna, en út úr honum 239 milljónir króna. Og þessi þróun hefur átt sér stað þótt ekki hafi verið um verulegt verðfall að ræða á þessu tímabili og oft á tíðum mjög hátt og gott verð á sjávarafurðum svo sem að framan segir. Í fyrra var t. d. gott verð á loðnuafurðum, en þá var ekki greitt neitt af því í Verðjöfnunarsjóð. Sama er að segja um saltfisk á þessu ári og í fyrra. Hér er um að ræða dæmi um það, hvornig hátt verð á afurðum okkar hefur ekki verið nýtt til þess að efla Verðjöfnunarsjóðinn og þaðan af síður sú hagstæða þróun sem orðið hefur á gengi dollans

að undanfögnu. Þannig hefur algerlega verið látið vaða á súðum að þessu leyti með framan- greindum afleiðingum.

Höfuðið er svo bitið af skömminni með þessu frumvarpi. Í góðæri er farið að fikta með millifærslur og miðstýringu með lagabreytingum sem varða Verðjöfnunarsjóð. Það er því að vonum að hagsmunaaðilar að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins höfðu margir hverjir þau orð á fundum fjárhags- og viðskiptanefndar, þegar fjallað var um þetta frumvarp, að með því væri verið að leggja í rúst verðákvörðunarkerfi sjávarútvegsins og kasta fyrir róða þeirri grundvallarhugsun sem upphaflega var á bak við stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Alþingi, 2. des. 1981.

Lárus Jónsson,  
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

### Fylgiskjal I.

## FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1981.

Á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 16. nóvember 1981 var tekið fyrir bréf fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 4. nóvember s. l., þar sem leitað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., ásamt breytingar- tillögu við frumvarpið.

Um frumvarp þetta vill sambandsstjórn taka eftirfarandi fram:

Þar sem gengi er ein af meginforsendum fiskverðsákvæðana og þar með ráðandi þáttur um tekjuskiptingar í sjávarútvegi og þá ekki síst um tekjur sjómanna telur sambandsstjórn nú eins og fyrr, að við ráðstöfun gengismunar, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, beri sjómönnum fullur réttur til hlutdeildar í honum.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. er veitt heimild til sérstakrar lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Sambandsstjórn telur, að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fölsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar.

Um „millifærslu“ fjár af uppfærðum gengismun afurðalána milli deilda sjóðsins vill sambandsstjórn ekki segja annað en það, að allar slíkar millifærslur hljóta mjög að orka tvímælis og ber því að varast þær í lengstu lög.

Virðingarfyllst,

f. h. STJÓRNAR FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBANDS ÍSLANDS,

Ingólfur Stefánsson

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Alþingis c/o Hr. alþm. Ólafur Ragnar Grímsson.

**Fylgiskjal II.**

**Seðlabanki Íslands**

Reykjavík, 27. nóvember 1981.

Hr. Lárus Jónsson, alþingismaður  
Alþingi  
Reykjavík

Frá 1. ágúst 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið breytt formlega fimm sinnum:

4. september 1978	15,0%	gengislækkun
31. mars 1980	3,0%	gengislækkun
29. maí 1981	3,85%	gengislækkun
26. ágúst 1981	4,76%	gengislækkun
10. nóvember 1981	6,50%	gengislækkun

Frá 1. ágúst 1978 til 24. nóvember 1981 hafa erlendir gjaldmiðlar, vegið með landavog, hækkað gagnvart íslenskri krónu um 191,7%. Á sama tímabili hefur gengi Bandaríkjadollars hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213,9%.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ólafur Tómasson.

Ingvar A. Sigfússon.